

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 19. TBL.

22. JANÚAR 2010

Skráningar á námskeið á vorönn hefjast í dag

Í dag fá kennarar í grunnskólum Hafnarfjarðar sendan (í tölvupósti) bækling sem kynnir námskeið Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar fyrir grunnskólana á vorönn 2010. Þetta eru 12 ný námskeið en þess utan eru tvö námskeið enn í gangi frá haustönn auk námskeiða PMT.

Námskeiðin verða aðallega í febrúar og mars og jafnvel eitthvað örlítið fram í apríl.

Sama fyrirkomulag er með skráningu á námskeiðin og áður, þ.e. skráning er send í tölvupósti til vigfus@hafnarfjordur.is með heiti námskeiðs og nauðsynlegum upplýsingum

um þann sem sækir námskeiðið. Þátttaka á námskeið er ókeypis fyrir kennara í Hafnarfirði og annað starfsfólk í grunnskólunum sem getur nýtt sér námskeiðin.

Á haustönn voru tæplega 20 námskeið og fræðslufundir haldin utan námskeiða PMT og þátttakendur voru tæplega

500. Námskeiðin eru tengd ákveðnum þemum sem styrkt eru af Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Slíkir styrkir gilda í eitt skólaár í senn svo möguleikar Skólaskrifstofunnar til námskeiðahalds ráðast af styrkveitingum fyrir eitt ár í senn.



Myndin er tekin á grunmenntunarnámskeiði PMT á haustönn 2009.

Framhaldsskólakynningar fyrir 10. bekk

Framhaldsskólakynning fyrir nemendur í 10. bekk í Hafnarfirði og foreldra þeirra verður þriðjudaginn 26. janúar frá kl. 17-19 í Flensborg. Þetta er kynning á námsframboði þrettán framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og fer hún fram í aðalsal Flensborgarskóla. Kynningin er sérstaklega fyrir nemendur í 10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar þetta skólaárið og foreldra þeirra. Hver framhaldsskóli verður með kynningarbás þar sem námsframboð og inntöuskilyrði verða kynnt. Þetta er kjörið tækifæri fyrir 10. bekkinga og foreldra þeirra til að kynna sér hvað fram-



Það eru námsráðgjafar grunnskólanna í Hafnarfirði og Flensborgarskóla sem standa fyrir kynningunni.

haldsskólarnir hafa upp á að bjóða en þetta er í fyrsta sinn sem slík allsherjarkynning fer fram í Hafnarfirði.

Þeir framhaldsskólar sem verða með kynningarbás eru: Borgarholtsskóli, Fjölbautaskólinn í Breiðholti, Fjölbautaskólinn við Ármúla, Fjölbautaskólinn í Garðabæ, Flensborgarskóli, Hraðbraut, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Kvennskólinn, Menntaskólinn í Kópavogi, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Tækniskólinn og Verslunarskóli Íslands.

Þetta er einstakt tækifæri fyrir 10. bekkinga og foreldra þeirra.



Skólaþróun



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 18. janúar
197. fundur:

- Lagt fram bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010.
- Kynnt vinnulag vegna samþykktarferlis á skólánámskrám og starfs-áætlunum leik- og grunnskóla í fræðsluráði í samræmi við lög.
- Kynnt vinna sem þarf að hefjast í tengslum við greinargerð fjárhagsáætlunar um að mynda starfshóp um skólafyrirkomulag í Norður-bænum. Óskað tilnefninga frá stjórnmalaflokkum, skólafólki og foreldum í þann starfshóp.
- Lögð fram greinargerð frá Velferðarvaktinni um grunnþjónustu í samfélaginu og aðferðir til að bregðast við efnahagsþrengingum.

Tilkynning vikunnar

Starfsfólk í grunnskólum Hafnarfjarðar er minnt á að skrá sig tímanlega á námskeiðin sem verða í boði á vorönn 2010. Um leið og svar hefur borist við innsendri skráningu er henni lokið, þ.e. aðgangur kominn á námskeiðið. Fyrsta námskeiðið hefst annan mánu- dag, þ.e. 1. febrúar.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
29. janúar 2010

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Landlæknisembættir hefur gefið út tvo bæklinga sem taka á geðheilsu barna og ungmenna, annan ætlaðan foreldrum og hinn unglingum. Bæklingana er hægt að nálgast á þessari vefslóð: <http://landlaeknir.is/Pages/1055?NewsID=2085>.
- » Íþrótt- og Ólympíusambandið hvetur alla til að taka þátt í Lífshlaupinu, vinnustaðakeppni, hvatningarleik grunnskólanna og einstaklingskeppni, sem hefst miðvikudaginn 3. febrúar og stendur til 23. febrúar. Skráning er hafinn inn á vef Lífshlaupsins, www.lifshlaupid.is. Við hvetjum ykkur til að fara inn á Lífshlaupsvefinn og kynnst ykkur



þessa skemmtilegri keppni. Undir hnappnum

um skráningu" er handbók sem hægt er að prenta út með ýtarlegum leiðbeiningum um skráninguna. Undir hnappnum "Efni til að dreifa" er hægt að prenta út kynningarefni um Lífshlaupið og ýmislegt í tengslum við skráninguna t.d. skráningablað 1 sem hægt er að hengja upp og hvetja samstarfsfólk eða nemendur til að skrá sig til leiks.

» Samræmd könnunarpróf árið 2010 verða sem hér segir: fyrir 10. bekk verða þau 20.-22. september og fyrir 4. og 7. bekk verða þau 23. og 24. september.



Geðheilsan
þín
skiptir máli!

Bæklingur fyrir unglínga

Inn á vefnum
"Leiðbeiningar

Leiðin til læsis - ráðstefna móðurmálskennara



Símenntun

Ráðstefna **Leiðin til læsis** verður haldin á vegum *Samtaka móðurmálskennara* laugardaginn 6. febrúar 2010 kl. 10 – 15:15 í Bratta, húsi Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Ráðstefnan er ætluð kennurum á öllum skólastigum og öðrum áhugasömum um málefnið. Þar verða flutt erindi um stöðu læsis og leiðir í átt til betra læsis. Eftir hádegi geta ráðstefnugestir valið að heimsækja mismunandi smíðjur þar sem kynntar eru ýmsar leiðir í læsiskennslu.

10:00 Mæting og kaffisopi.

10:15 Sæmundur Helgason formaður SM flytur stutt ávarp og þrjú erindi verða flutt.

12:15 Hádegishlé - súpa og brauð.

13:15 – 14:30 Smíðjur.

1. Leikskóli - Árdís Hrönn Jónsdóttir og Inga María Ingvarsdóttir úr leiksk. Tjarnarseli.
2. Yngsta stig grunnskóla - Rannveig Lund og Guðlaug Einarsdóttir úr Flataskóla
3. Miðstig grunnskóla - Guðmundur Engilbertsson frá HA og Guðjón R. Jónsson úr Austurbæjarskóla
4. Unglingastig - Anna S. Valdimarsdóttir og Friða Haraldsdóttir úr Laugalækjarskóla.
5. Framhaldsskólinn - Eiríkur Brynjólfsson og Elín Vilhelmsdóttir frá FÁ.

14.30- 15.15. Opið hús í Læsismiðju menntavísindasviðs HÍ. Léttar veitingar.

Skráning á námskeiðið fer fram hjá Lilju M. Möller liljam@vesturbajarskoli.is, Guðjóni Jónasyni gudjon@austurbajarskoli.is og Sæmundi Helgasyni saemundurhe@langholtsskoli.is fyrir 1. febrúar.

Möguleikar á evrópsku skólasamstarfi



Vefhornið

Nú fer að koma að lok umsóknarfrests til að sækja um styrki að ýmsum skóla- verkefnum á vegum Evrópu- sambandsins fyrir kennara og skóla. Á vef Alþjóða- skrifstofu háskólastigsins eru upplýsingar um þá möguleika sem standa til boða og kynntir tímafrestrir á um- sóknnum í verkefni.

Verkefni sem hægt er að fá styrki til eru af ýmsu tagi.



Oftast nær þarf talsverða vinnu í undirbúnings um- sókna til að fá styrki og þá

þarf einnig að finna samstarfs- aðila að evrópskum sam- starfsverkefnum. Auk þess geta kennarar einir og sér fengið styrki til að sækja endur- menntunarnámskeið í Evrópu með reglulegu millibili þar sem kostnaður við þau er greiddur af Evrópusambandinu. Það er um að gera að skoða hvaða möguleikar eru í boði.

VEFSLÓÐ: <http://www.ask.hi.is/>